

REGLUGERÐ

skv. lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1. gr.

Merking orða í þessari reglugerð er sem hér segir:

„Bú“ er notað um framleiðslueiningu bónda og maka hans og barna innan 16 ára aldurs, að viðbætti framleiðslu annarra sjálfstæðra framteljenda er lögheimili eiga á sömu jörð, en ekki eru sjálfir ábúendur eða aðilar að félagsbúi, svo og annars lögaðila fyrirtækis eða stofnunar.

„Lögbýli“ er eins og það er skilgreint í 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 svohljóðandi:

„Jörð eða lögbýli“ nefnist í lögum þessum hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engja-merkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður býli að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð og þó að hús séu fallin eða rifin, telst hún lögbýli nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki jarðanefndar og staðfestingu landnámsstjórnar sem lögbýli.

„Ærgildi“ er ein vetrarfóðruð sauðkind. Í nautgripum teljast ærgildi þannig; kýr 20 ærgildi, kelfd kviga 12 ærgildi, vetrungur 8 ærgildi og kálfur 4 ærgildi.

„Ærgildisafurð“ er magn kjöts, gæru, sláturs og ullar sem ein vetrarfóðruð kind skilar skv. landsmeðaltali þriggja síðustu ára og eða tilsvareandi magn mjólkur og nautgripakjöts, miðað við verðmæti. Aðrar tekjur af landbúnaði metast til ærgildisafurða í krónutölu skv. skilgreiningu um heildarþívöruverðmæti.

„Framleiðandi“ getur verið einstaklingur og einnig bóndi ásamt maka hans og börnum þeirra o. fl. samkvæmt skilgreiningu um bú.

2. gr.

Nú verður þívöruframleiðslan meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendur markaðir sem viðunandi teljast fyrir það sem umfram er, að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu sam-

þykki fulltrúafundar Stéttasambands bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

- a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Settur verði kvóti í ærgildisafurðum fyrir framleiðslu sauðfjár- og nautgripaafurða aðra hvora búgreinina eða báðar eftir því sem þurfa þykir á hverju lögbýli og fyrir þá framleiðendur utan lögbýla sem þess kunna að óska og hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði samkvæmt skattframtali. Þeir sem ekki fá ákvarðaðan kvóta skulu sæta hámarksskerðingu á verði hverju sinni miðað við framtalda framleiðslu 1978.

Við ákvörðun kvóta skal leggja til grundvallar meðalframleiðslu 2—3 ára, skv. nánari ákvörðun Framleiðsluráðs og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Hafi framleiðandi orðið fyrir óvenjulegum rekstraráföllum eitthvert viðmiðunaráranna, skal það ár ekki hafa áhrif.

Fullt verð skal greiða eins og aðstæður leyfa hverju sinni, þó aldrei minna en 80% af meðalframleiðslu viðmiðunaráranna. Fyrir framleiðslu sem er umfram það, sem ákveðið er að greiða fullu verði skal greiðslan miðuð við meðalútflutningsverð mjólkurafurða eða kindakjöts viðkomandi ár skv. útreikningum Framleiðsluráðs.

Heimilt er að greiða framleiðendum ákveðinn fjölda ærgildisafurða fullu verði samkvæmt árlegri ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, enda hafi þeir lögheimili og/eða ábúð á lögbýli. Þegar skerðingarmark skv. þessari málsgrein er ákveðið, skal taka með í útreikning allar tekjur á landbúnaðarframtali, aðrar en bústofnsauka.

Afurðamagni sauðfjár og nautgripa á félagsbúum sem starfandi voru á árunum 1976—1978, skal skipta á milli aðila skv. skattframtali 1979. Þar sem aðrir framleiðendur eru á lögbýli en bóndinn og fjölskylda hans, leggst afurðamagnið saman og myndar sameiginlegan rétt viðkomandi bújarðar.

Stofnun nýrra félagsbúa og skipting bóna, myndar ekki sjálfstæðan rétt skv. reglugerð þessari eftir gildistöku hennar nema samþykki Framleiðsluráðs komi til.

Framleiðsluráð skal eftir aðalfund Stéttarsambands bænda og eigi síðar en 1. október ár hvert, áætla og birta framleiðendum hve mikill hundraðshluti framleiðslu þeirra miðað við viðmiðunarárin verði greiddur fullu verði á næsta almanaksári.

Fari jörð varanlega í eyði er Framleiðsluráði heimilt að ákveða að ónotaður kvóti jarðarinnar nýtist öðrum framleiðendum í sama hreppi í stað þess að hann færist yfir á heildarframleiðsluna. Sömu leiðis getur Framleiðsluráð fellt niður skerðingarákveði samkvæmt fjórðu málsgr. þessarar gr., á mjólkurframleiðslu á svæðum þar sem skortur er á neyslumjólk.

- b) Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex.

Full greiðsla skal ná til 400 ærgildisafurða, eins og þær voru viðmiðunarárin, sbr. a-lið skv. landsmeðaltali, en greiðslan lækkar um 5% fyrir umfram afurðamagn á hverju 100 ærgilda bili, þó aldrei meir en 25%. Hæsta skerðing kemur á framleiðslu þeirra framleiðenda er ekki búa á lögbýlum nema þeir hafi meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Um greiðslu til félagsbúa fer skv. 7. málsgr. a-liðar og þessum ákvæðum, eftir því sem við á. Afurðaverð til framleiðenda skv. verðlagsgrundvelli breytist til samræmis við þessa beinu

greiðslu eftir því sem um er samið við ríkisstjórnina. Samkomulag um þessa greiðslu skal gert til minnst eins árs í senn.

Greiðslur skulu sendar framleiðendum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Heimilt er Framleiðsluráði að greiða á bankareikning eða til verslunaraðila, eftir tilvísun viðkomandi framleiðanda.

- c) Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð, ef ástæða þykir til. Heimilt er að taka mishátt verðjöfnunargjald af afurðum sauðfjár og nautgripa eða aðeins af annarri hvorri búgreininni fyrir sig. Einnig er Framleiðsluráði heimilt að taka slíkt gjald af öðrum afurðum. Heimilt er að fella niður framleiðslugjald af búum undir ákveðnu stærðarmarki.

Hæst gjald skal tekið af afurðum 1000 ærgildisbúa og stærri og af framleiðslu þeirra, sem ekki hafa lögheimili og ábúð á lögbýli hafi þeir ekki meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Gjaldið miðist við bústofn á hverju býli um áramót skv. forðaskýrslum.

Framleiðsluráð ákveður hversu hátt hæsta gjaldið skal vera og tilkynnir það strax að tekinni ákvörðun og jafnframt tilkynnir það gjalddaga og innheimtir gjaldið sbr. þó næstu málsgrein. Síðan skal endurgreiða af gjaldinu 7/12 hluta þess til 400 ærgilda búa eða minni sbr. þó síðasta málslið 1. málsgreinar, d-liðar. Fyrir 400—500 ærgilda bú endurgreiðast 6/12 hlutar gjaldsins. Lækkar greiðslan um 1/12 hluta fyrir hvert 100 ærgilda, er hætist við bústærðina upp að 1000 ærgilda búi. Um félagsbú gilda ákvæði 6. málsgreinar a-liðar eftir því sem við á.

Heimilt er að nota samtímis heimildir samkv. staflidum a, b og c svo sem fært er.

- d) Hafi einhver framleiðandi ekki talið fram til skatts, skal gefa viðkomandi aðila tveggja mánaða frest til að senda upplýsingar sem Framleiðsluráð tekur gildar, ella tapar hann rétti til framleiðslukvóta á fullu verði.

Frumbýlingur telst sá framleiðandi sem haft hefur ábúð á jörð í þrjú ár eða skemur. Hafi hann ekki komið upp búi af þeirri stærð sem verðlagning búvara miðast við, skal réttur hans til fulls verðs skv. a-, b- og c-lið ráðast af því framleiðslumagni er framleitt var á viðkomandi jörð áður en hann tók við búi og einnig af þörf hans til eðlilegrar afkomu samanborið við aðra bændur miðað við fjármagnskostnað við stofnun búsins og laun fyrir vinnu við rekstur þess í hlutfalli við verðlagsgrundvallarbú að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðandi, sem hættir búrekstri á framleiðsluári, skal sæta þeirri verðskerðingu á afurðamagni búsins sem gildir í viðkomandi búgrein á innleggstíma afurðanna. Ef um er að ræða innlegg hluta úr ári, skal fullt verð greiðast fyrir jafnmikið framleiðslumagn og hann hafði rétt til, miðað við sama tíma viðmiðunarárin. Sama gildir ef tekið er mishátt verðjöfnunargjald.

Heimilt er að greiða framleiðendum fullt verð fyrir kjöt sem til fellur vegna samdráttar bústofns um 5% eða meira, enda leggi þeir fram fullnægjandi gögn að mati Framleiðsluráðs.

Ef búrekstri er hætt á lögbýli, geymist réttur viðkomandi býlis, þar til búrekstur hefst þar að nýju, nema honum hafi verið ráðstafað samkvæmt síðustu málsgrein a-liðar.

- e) Framleiðsluráð ákveður fyrir marslok ár hvert, hversu hátt gjald skuli taka af búvöruinnleggi til jöfnunar greiðslum til framleiðenda og jöfnunar verðs á milli þeirra söluaðila, er selja á erlendum markaði og hinna er selja innanlands.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjár-

hæð af andvirði innlagðrar búvöru sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmda ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð getur falið söluaðilum afurðanna að taka mismunandi hátt gjald af framleiðendum eftir nánari fyrirmælum sbr. c-lið, og skulu þeir þá gera nákvæma grein fyrir gjaldtöku af hverjum aðila fyrir sig. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

Standi söluaðili ekki í skilum á gjalddaga, er Framleiðsluráði heimilt að taka dráttarvexti af fjárhæðinni, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni.

3. gr.

Heimilt er að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% álag á innkaupsverð vörunnar. Innkaupsverð vörunnar er CIF verð hennar kominnar í innflutningshöfn.

Rétt er að flokka kjarnfóðrið í tvo flokka. Í öðrum flokknum væru fullunnar fóðurblandur með eftirfarandi tollskrárnúmeri: 23-07-00.

Hinsvegar hráefni í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

10-01-10	10-07-10	11-02-29	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	11-02-39	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	17-03-01	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-10	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22	23-02-20	23-04-40	23-06-00
10-05-00	11-02-21	23-02-30	23-04-50	

Rétt er að hvor flokkur taki gjald í krónutölu, sem yrði svipaður hundraðshluti á meðal innkaupsverð í hvorum flokki fyrir sig. Undanskilin gjaldtöku eru fóður-sölt, snefilefni, herðir og bætiefni.

Framleiðendur búvöru á lögbýlum, og aðrir sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali.

Réttur hvers framleiðanda í sauðfjár- og nautgriparækt, skal miðaður við það afurðamagn sem hann á rétt á að fá greitt á fullu verði, skv. a-lið 2. greinar. Fyrir framleiðendur annarra búsafurða skal rétturinn miðast við framtalið afurðamagn ársins 1978.

Hafi einhver framleiðandi minnkað bústofn sinn frá meðaltali fyrrgreindra ára um a. m. k. 5%, skal réttur hans í þessu efni minnkaður í sama hlutfalli.

Réttur frumbýlinga í nautgripa- og sauðfjárrækt skal ákveðinn skv. d. lið 2. gr. Réttur frumbýlinga í alifugla- og svínarækt ákvarðast af Framleiðsluráði.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri, innheimta gjaldið við innflutning.

Gjaldheimtumönnum er heimilt að veita innflutningsaðilum allt að þriggja mánaða frest á greiðslu gjaldsins gegn fullri bankatryggingu. Ef sérstakir erfiðleikar stöðja að vegna náttúruhamfara má veita lengri gjaldfrest.

Framleiðsluráð lætur búvöruframleiðendum, sem eiga rétt á að fá kjarnfóður án gjaldtöku í té seðla er sýni hversu mikið kjarnfóður hver einstakur framleiðandi getur fengið ár hvert án gjaldtöku. Heimilt er að afhenda seðla til ½ árs í senn. Seðlar þessir skulu bera með sér, hvað verðgildi þeirra sé. Seðlarnir gilda sem greiðsla kjarnfóðurgjalds á öllum stigum verslunar með kjarnfóður.

Kjarnfóðurseðlar skulu skráðir í númer býlis og nafn framleiðanda þess sem á að fá kjarnfóður án gjalds og eru óframseljanlegir, nema til verslunar sem selur kjarnfóður.

Búvöruframleiðendur sem ekki hafa lögbýli til umráða en hafa meirihluta tekna

sinna af landbúnaði skulu leggja fram gögn er sanni rétt þeirra og skal Framleiðsluráð þá gefa út skömmtunarseðla til þeirra.

Heimilt er Framleiðsluráði að endurgreiða búvöruframleiðendum álagt kjarnfóðurgjald miðað við framtalinn bústofn á skattframtali, eftir nánari ákvörðun Framleiðsluráðs.

Endurskoða skal ársfjórðungslega eða svo oft sem þurfa þykir af hve miklu magni gjaldið er endurgreitt til hvers framleiðanda vegna breytinga sem verða kunna á bústofni.

Framleiðsluráð getur falið trúnaðarmönnum sínum að telja sérstaklega bústofn hjá bændum til að fylgjast með slíkum breytingum.

Heimilt er að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

Endurgreiðsla skal fara fram eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti þannig að framleiðendur komist jafnan hjá því að greiða gjaldið miðað við þau lánskjör sem innflytjendur fá skv. 10. málsg. þessarar greinar.

Sé erlent kjarnfóður selt blandað innlendu kjarnfóðri, skal kjarnfóðursali reikna gjaldið af hinum erlenda hluta blöndunnar við sölu. Sé innlend fóðurblanda afgreidd út á seðla skal gjaldið reiknað hlutfallslega af því erlenda hráefni sem í blöndunni er.

Þeir aðilar sem versla með kjarnfóður í smásölu skulu mánaðarlega senda skýrslu til framleiðsluráðs um kjarnfóðurkaup og sölu hvers mánaðar. Sé kjarnfóður afgreitt gjaldfrítt gegn framvisun seðla skv. 11. málsg. þessarar gr. skal sundurliða hvað selt er án gjalds og einnig gerð grein fyrir því magni sem selt er á hærra verði.

4. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að leggja gjald á erlent fóður eða upphæð gjalds er breytt, skulu gjaldheimtumenn ríkisins láta telja birgðir kjarnfóðurs hjá innflytjendum kjarnfóðurs og hjá smásöluáðilum. Skylt er söluáðilum að aðstoða við mælingu eða talningu birgðanna.

Innheimta skal gjald af birgðum þessum skv. ákvæðum 3. gr. Kjarnfóðursali getur sett bankatryggingu fyrir greiðslu gjaldsins á sama hátt og segir í 3. gr.

Sé kjarnfóður afgreitt gjaldfrítt gegn framvisun seðla sbr. 11. málsg. 3. gr. getur kjarnfóðursali greitt gjaldið eða hluta þess með slíkum seðlum frá framleiðendum búvöru sem eiga rétt á að fá kjarnfóður án gjaldtöku.

Innheimtumenn gjalds skv. 3. og 4. gr. skulu gera skil á innheimtu kjarnfóðurgjalds á þriggja mánaða fresti til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Sé kjarnfóður afgreitt gjaldfrítt út á seðla skal skila til Framleiðsluráðs seðlum þeim sem notaðir hafa verið á hverju tímabili.

Þeir sem framleiða fóðurmjöl innanlands, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega, skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal þar tilgreint hverjir hafa keypt vöruna, heildarsölumagn til hvers kaupanda og einingarverð.

Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega taka ákvörðun um gjald á innflutt kjarnfóður og einnig um hversu mikið magn kjarnfóðurs skuli látið án gjaldtöku miðað við hverja framleiðslueiningu búvöru eða búfjáreiningu.

Framleiðsluráð skal leita staðfestingar landbúnaðarráðherra á ákvörðunum þessum.

Sé ákvörðun tekin um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum söluáðila.

5. gr.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert, ókeypis og ótilkvaddir, gefa framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju

lögbyli og hjá öðrum framleiðendum búvöru sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi, eftir kröfu Framleiðsluráðs.

Skylt er þeim er taka við búfé til slátrunar eða búvöru til sölumeðferðar að veita alla vöru og setja á afurðamiða magn og verð og hvað framleiðandi tekur heim til eigin ráðstöfunar.

Framleiðsluráð getur krafist mjólkurbú og sláturhús um upplýsingar, er þessir aðilar geta veitt og nauðsynlegar eru, til að framkvæma heimildir skv. 2. og 3. grein reglugerðar þessarar.

6. gr.

Gæsla og ráðstöfun þess fjár er innheimtist skv. heimildum þessum, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Heimilt er að verja hluta þess til að greiða verðbætur til þeirra framleiðenda sem eftir sérstökum samningi, draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð. Framleiðandi sem gerir samning um samdrátt búvöru-framleiðslu, skal fá hæstar bætur árið sem hann minnkar framleiðsluna en stiglækkandi tvö næstu ár.

Viðkomandi framleiðanda er óheimilt að auka framleiðslu aftur nema í fullu samráði við Framleiðsluráð.

Heimilt er að endurskoða og breyta samningi um þetta efni, ef aðstæður breytast hjá viðkomandi framleiðanda eða markaðsaðstæður almennt breytast.

Verði ábúendaskipti á jörð, þar sem ábúandi hefur gert samning um samdrátt búvöruframleiðslu, gildir slíkur samningur ekki gagnvart nýjum ábúanda.

Þá er heimilt að nota fé sem innheimtist skv. heimildum þessum til að jafna verð á milli söluaðila er selja á erlendum markaði og hinna er selja innanlands. Einnig er heimilt að nota hluta þess til að jafna verð og aðstöðu á milli einstakra framleiðenda skv. ákvæðum 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Þá er heimilt að nota hluta þess til að greiða kostnað við framkvæmd þeirra lagaákvæða sem hér um ræðir.

Gjöld þau sem um ræðir í reglugerð þessari, skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði. að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Sá hluti sem notaður kann að vera til að greiða framleiðendum fyrir að minnka framleiðslu og notaður er til að greiða kostnað við framkvæmd þessarar reglugerðar, gengur inn í verðlag búvörunnar.

7. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins fer með framkvæmd ákvæða þessarar reglugerðar. Það getur þó falið búnaðarsamböndum eða búnaðarfélögum framkvæmd einstakra verkþátta.

Formenn búnaðarfélaga skulu vera trúnaðarmenn Framleiðsluráðs hver á sínu félagssvæði. Framleiðsluráð getur þó valið sér aðra trúnaðarmenn þyki ástæða til.

Trúnaðarmenn skulu tilkynna Framleiðsluráði um ábúendaskipti á jörðum og breytingar á búrekstri er máli skipta við framkvæmd þessarar reglugerðar. Framleiðsluráð getur einnig óskað aðstoðar þeirra við eftirliti með kjarnfóðursölu og fleiri atriðum ef ástæða þykir til.

Nú telur einhver aðili að brotinn sé réttur hans skv. reglugerð þessari og skal hann þá gera Framleiðsluráði skriflega grein fyrir málinu. Náist ekki samkomulag um úrlausn ágreiningsefnisins, skal vísa því til sérstakrar nefndar til úrskurðar.

Nefnd þessi skal skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn. Tveir skulu skip-

aðir af Stéttarsambandi bænda, tveir fulltrúar af Búnaðarfélagi Íslands og formaður skipaður af landbúnaðarráðherra. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af Framleiðsluráði eins og annar kostnaður við framkvæmd þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 46. gr. laga nr. 101/1966. Jafnframt geta slík brot varðað missi réttar skv. 3. gr. reglugerðarinnar.

9. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið 22. ágúst 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

AUGLÝSING

um tilnefningu Flugleiða h.f. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamningum sem Ísland er aðili að, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Flugleiðir h.f. til að halda uppi áætlunarferðum með farþega, vörur og póst milli Íslands og eftirtalinna landa:

1. Bandaríkja Norður—Ameríku,
2. Danmerkur,
3. Noregs,
4. Svíþjóðar,
5. Bretlands,
6. Luxemburgar,
7. Sambandslýðveldisins Þýskalands,
8. Hollands,
9. Spánar,
10. Thailands.
11. Finnlands.

Þá hefur ráðuneytið í dag ennfremur heimilað sama félagi áætlunarflug með farþega, vörur og póst í millilandaflugi þótt formlegur loftferðasamningur liggi ekki fyrir, enda verði ráðuneytinu jafnan tilkynnt og heimildar þess leitað öðlist félagið leyfi erlends ríkis til slíks flugs.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.